

Mál nr. 350/2024.

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Frestur til lögfræðilegra aðgerða. Orsakatengsl.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. október 2024, ásamt fylgigögnum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 1. október 2024.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M hafi hinn 1. janúar 2023 ekið bifreiðinni A á skilti við Klettháls 1a. Hinn 26. janúar 2023 barst V tölvupóstur frá lögmanni M þar sem tilkynnt er um líkamstjón M. Með tölvupósti dags. 8. júní 2023 hafi V upplýst lögmann M um þá afstöðu sína að gögn málsins bendi ekki til þess að heilsutjón hafi getað hlotist af atvikinu. Muni V því ekki hlutast til um frekari gagnaöflun né greiðslu fyrir hana og var bótaskyldu hafnað. Í tölvupóstinum bendir starfsmaður V á frest til lögfræðilegra aðgerða skv. 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Í málskoti vísar lögmaður M til þess að með tölvupósti hinn 2. september 2024 hafi V vísað í fyrrgreinda höfnun á bótaskyldu sem borist hafi átt þann 8. júní 2023. Sú höfnun hafi aldrei borist honum. Það gefi augaleið þar sem hann sendir V fyrirspurn um reikning þann 30. ágúst 2024 og var þeim tölvupósti svarað af V og hvergi minnst á höfnun bótaskyldu. Þá var matsbeiðni einnig send til V þann 30. ágúst 2024 vegna M og ýtir það enn frekar undir grandleysið. Aldrei hafi komið til móttöku á meintri höfnun á bótaskyldu enda hvergi að finna móttökupóst við henni. Ljóst sé að um mjög íþyngjandi ákvörðun er að ræða fyrir M og verði því að ætla að V leitist eftir sannanlegri móttöku á höfnun á bótaskyldu sem V láðist í þetta sinn. Aldrei hefði verið farið í þá vinnu að afla allra þeirra gagna sem aflað var og matsbeiðni send V hefði vitneskja verið um höfnun. Fer M fram á, þar sem höfnun komst réttilega ekki til skila, að ársfrestur hafi hafist þegar móttaka á höfnun á bótaskyldu var sannanleg, eða þann 2. september 2024. Vísar M til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 295/2022 máli sínu til stuðnings. Hvað höfnun á bótaskyldu varðar vísar M því alfarið á bug að ekkert heilsutjón geti hafa hlotist af atvikinu enda ljóst af samtímagögnum að um verulegar afleiðingar sé að ræða. M hafi verið óvinnufær í kjölfar slyssins og hafi verið í endurhæfingu hjá VIRK vegna þess. Þá hafi M verið í meðferð sjúkráþjálfara og sálfræðings og reynt eftir fremsta megni að takmarka tjón sitt með allri þeirri endurhæfingu sem honum hafi boðist. Búið sé að sýna fram á að ekki sé hægt að leggja að jöfnu tjón á bifreið og varanlegu tjóni á einstaklingum sem eru í bifreiðinni. Vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 542/2012 því til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi með tölvupósti til lögmanns M, dags. 8. júní 2023, hafnað að hlutast til um frekari gagnaöflun og að greiða fyrir slíka gagnaöflun vegna slyssins, þar sem gögn málsins bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón gæti hafa hlotist af slysinu. Í tölvupóstinum bendir starfsmaður V á að þessari niðurstöðu megi skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum og að ef ekki verði krafist meðferðar hjá úrskurðarnefnd eða málinu stefnt fyrir dómstóla innan árs frá því að tilkynningin er móttakin, glatist réttur til bóta, sbr. 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Hafi sá frestur verið liðinn þegar úrskurðarnefndin móttók málskot þetta frá lögmanni M þann 18. september 2024. Rekur V tímalínu samskipta starfsmanna V við lögmann M á tímabilinu frá 26. janúar 2023 til 29. ágúst 2024. Hafi öll þau samskipti eingöngu farið í gegnum nánar tilgreint netfang lögmannsins. Vegna málskots M hafi V látið starfsmann tölvudeildar kanna hvort komið hefði villumelding þess efnis að tölvupósturinn sem sendur var þann 8. júní 2023, hefði ekki borist viðtakanda. Í gögnum tölvudeildar megi sjá að að tölvupósturinn var sendur á netfang lögmanns kl. 13.55 fyrrgreindan dag og að hann hafi skilað sér til viðtakanda þ.e. hann hafi ekki „bounced“ til baka til V. Mótmælir V því sem ósönnuðu að umræddur tölvupóstur hafi ekki skilað sér til lögmanns M. Hann hafi verið sendur á netfang sem öll samskipti höfðu farið í gegnum og tölvupósturinn fór í gegnum kerfið án villumeldingar. Það sé ekki við V að sakast þó umræddur tölvupóstur hafi farið framhjá lögmanni M. Var því hinn lögbundni ársfrestur sem M hafði til að bera afstöðu V undir úrskurðarnefndina liðinn þann 18. september 2024 þegar málskot M var móttakið af

starfsmanni nefndarinnar. Vísar V máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 81/1985 og úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 18/2018. Til vara ítrekar V þá afstöðu sína að ósannað sé að M hafi hlotið varanlegar afleiðingar í umferðarslysinu þann 1. janúar 2023. Hafi umferðaróhappið sem M rekur einkenni sín til alls ekki haft næga krafta til að valda varanlegu líkamstjóni og því sé ósannað að einkenni hans verði rakin til umrædds umferðaróhapps. M beri sönnunarbyrðina fyrir því að sanna tjón sitt, þ.m.t. hvort orsakatengsl séu fyrir hendi milli núverandi einkenna og slyssins. Telur V ósannað að fyrir hendi séu orsakatengsl milli slyssins og þeirra áverka sem M telur sig hafa orðið fyrir. Vísar M til nánar tilgreindra dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

Álit.

Í 2. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, kemur fram að vátryggður glati rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða skotið máli til úrskurðarnefndar innan árs frá því að vátryggingarfélag sannanlega hafnar kröfu hans í heild eða hluta. Fyrir liggur að V hafnaði því að hlutast til um frekari gagnaöflun eða greiðslu fyrir hana vegna umferðarslyss M hinn 1. janúar 2023, með tölvupósti dags. 8. júní 2023. Í tölvupóstinum var vísað til þess að M hefði árs frest til lögfræðilegra aðgerða skv. ákvæðum 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Uppfyllti tölvupósturinn þ.a.l. formaskilyrði laganna um tilvísun til ársfrestsins. Lögmaður M kveðst ekki hafa mótttekið umræddan tölvupóst. Hefur V lagt fram staðfestingu úr tölvukerfi félagsins þar sem fram kemur staðfesting á því að tölvupósturinn hafi sannanlega verið sendur. Þá liggur einnig fyrir að hann var sendur á netfang það sem lögmaður M notaði í samskiptum sínum við V. Verður á grundvelli þess að telja að fullnægjandi sönnun liggi fyrir um að V hafi uppfyllt þá skyldu sína að upplýsa M um frest hans til lögfræðilegra aðgerða í samræmi við ákvæði 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Að teknu tilliti til framangreinds er því ljóst að árs frestur M til lögfræðilegra aðgerða skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga var liðinn þegar málskot M barst nefndinni þann 18. september 2024. Þegar af þeim sökum er ljóst að allur mögulegur bótaréttur M er niður fallinn vegna tómlætis og verður þ.a.l. ekki tekin afstaða til annarra ágreiningsatriða.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A.

Reykjavík, 5. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir